

ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS DALABYGGÐAR

MINNISBLAÐ

VERKNÚMÉR: 20003001
VERKHLUTI: V001
HÖFUNDUR: EJ, EBK
DREIFING: Dalabyggð

DAGS.: 2020-05-5
NR.: 1

Umsagnir og athugasemdir við skipulags- og matslýsingu

1 Kynning

Skipulags- og matslýsing vegna endurskoðunar aðalskipulags Dalabyggðar var kynnt með auglýsingu 10. mars síðastliðinn með athugasemdafresti til 1. apríl. Vegna þeirra fordæmalausis aðstæðna sem voru í þjóðfélaginu var ekki hægt að halda fyrirhugaðan íbúafund með kynningu á verkefninu. Dalabyggð ákvað að framlengja athugasemdafrestinum til 15. apríl og jafnframt var sett glærukynning á vef Dalabyggðar ásamt hugmynda- og ábendingavef.

2 Yfirlit yfir umsagnir og ábendingar

Alls bárust 17 umsagnir og ábendingar eftir kynningu:

Nafn	Aðili	Dags.	Athugasemdir
Magnús A Sigurðsson	Minjastofnun	17.3.2020	Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja
Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir	Húnaþing vestra	16.3.2020	Gerir ekki athugasemd á þessu stigi
Ása Hólmarsdóttir	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	18.3.2020	Vatnsveita, fráveita og úrgangsmál
Helgi I. Jónsson	F.h. eigenda jarðarinnar Hamra	24.3.2020	Vindorkugarðar í landi Sólheima og Hróðnýjarstaða
Einar S. Einarsson	Landsnet	31.3.2020	Kerfisáætlun 2019-2028 og áformaða kynningu á Kerfisáætlun 2020-2029. Þingsályktanir 26/148 og 11/144.
Trausti Baldursson	Náttúrufræðistofnun Íslands	31.3.2020	Upplýsingar um ýmislegt sem varðar almenna náttúruvernd og viðmið sem hafa má til hliðsjónar við frekari vinnslu á aðalskipulaginu
Axel Benediktsson og Björn Stefánsson	Umhverfisstofnun	31.3.2020	Þættir sem þarf að líta til við gerð aðalskipulagstillögu o.fl.
Halldór Ó. Zoëga	Samgöngustofa	1.4.2020	Gerir ekki athugasemdir við lýsingu
Árni Snorrason	Veðurstofa Íslands	7.4.2020	Náttúruvá, aftakaveður, loftlagsmál og algengustu vindáttir
Málfríður K. Kristiansen	Skipulagsstofnun	2.4.2020	Umsögn Skipulagsstofnunar



Erna Bára Hreinsdóttir	Vegagerðin	14.4.2020	Gerir ekki athugasemdir við lýsinguna, en bendir á ýmis atriði fyrir vinnslu tillögunnar. Jafnframt óskar stofnunin eftir góðu samstarfi um skipulagsgerðina og m.a. fundi með sveitarfélaginu um áherslur sveitarfélagsins varðandi málefni Vegagerðarinnar
Böðvar B. Magnússon og Bergþóra Jónsdóttir	Sauðfjár- og skógarbændur á Hrútsstöðum	14.4.2020	Gera athugasemdir við ákveðin atriði sem fram koma í skipulags- og matslýsingu, svo sem flokkun landbúnaðarlands og stefnu um skógrækt á landbúnaðarlandi
Bergþóra Jónsdóttir, Guðmundur Sigurðsson og Halla Guðmundsdóttir	Félag skógarbænda á Vesturlandi	14.4.2020	Gera athugasemdir við flokkun landbúnaðarlands og viðmið og útfærslu í skipulagi. Gerð er athugasemd við að „Almennt er ekki gert ráð fyrir skógrækt á túnum og örkum, ef frá er talin skjólbeltaræktun.“
Hrefna Jóhannesdóttir	Skógræktin	14.4.2020	Bendir á tiltekna þætti varðandi gerð tillögu, svo sem skráningu menningarminja, flokkun landbúnaðarlands og útfærslu í skipulagi, lands- og landshlutaáætlanir í skógrækt og leyfisveitingar sem tengjast skógrækt
Eggert Kjartansson	Eyja- og Miklaholtshreppur	15.4.2020	Gerir ekki athugasemd við lýsingu
Valdís Einarisdóttir	Einstaklingur	15.4.2020	Gerir athugasemdir við tiltekna þætti, svo sem lífríki, náttúruverndarsvæði og auðlindir
	Breiðafjarðarnefnd	27.4.2020	Gerir ekki athugasemd við lýsingu

Mikill hluti athugasemda fjallaði um þætti sem vísa inn í mótun tillögu að aðalskipulagi og viðfangsefnum í aðalskipulagsgerðinni. Í nokkrum tilfellum snerta athugasemdir breytingar á aðalskipulagi sem nú er í vinnslu um fyrirhuguð vindorkuver eða vindorkugarða í landi Sólheima og Hróðnýjarstaða í Dalabyggð.

3 Helstu atriði framkominna athugasemda

Taflan hér að neðan sýnir yfirlit yfir ofangreindar athugasemdir og ábendingar. Þær hafa verið flokkaðar eftir efni og tillögur að viðbrögðum og hvernig hægt er að nýta þær við gerð vinnslutillögu aðalskipulagsins.

Athugasemd/ábending frá	Athugasemd /ábending varðar	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
Almenn atriði vegna vinnslu aðalskipulags		
Stafrænt skipulag Málfríður K Kristiansen Skipulagsstofnun	Vakin er athygli á að frá og með 1. janúar 2020 eiga sveitarfélög að skila aðalskipulagsáætlunum á stafrænu formi til Skipulagsstofnunar. Unnið er að gerð fitjuskra fyrir gerð og skil á stafrænum skipulagsáætlunum og gerð leiðbeiningar þar um, sem verða kynnt fljótlega.	Tekið til skoðunar við vinnslu tillögunnar og gerð uppdratta, en uppdrættir verða unnir á stafrænu formi, þ.e. sem landupplýsingar. Tilgreind fitjuskra og leiðbeiningar liggja ekki fyrir.
Umsagnaraðilar Málfríður K Kristiansen Skipulagsstofnun	Auk þeirra aðila sem taldir eru upp í kafla 5.4 bendir stofnunin á að hafa samráð við Svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar við mótun tillögunnar þarf að skoða hvort ástæða sé að senda tillöguna einnig til umsagnar Fiskistofu.	Tekið til skoðunar við kynningu á vinnslutillögu að senda tillöguna til umsagnar á tilgreinda aðila.
Vinnslutillaga Málfríður K Kristiansen Skipulagsstofnun	Skipulagsstofnun óskar eftir að fá vinnslutillögu að aðalskipulaginu til skoðunar áður en hún verður kynnt skv. 2.mgr. 30. gr. skipulagslaga.	Vinnslutillagan verður send Skipulagsstofnun.
Markmið í gildandi aðalskipulagi Málfríður K Kristiansen Skipulagsstofnun	Í gildandi aðalskipulagi Dalabyggðar voru sett fram markmið í fjölmörgum málaflokkum svo sem um fækkun náma, betri veitukerfi og fjarskipti, eflingu byggðar og umferðaröryggi. Gagnlegt er að fara yfir hvernig tekist hefur að ná þessum markmiðum, hvort þau eigi enn við og til að undirbyggja stefnu í nýju aðalskipulagi varðandi viðkomandi málaflokka.	Tekið til skoðunar við greiningu á forsendum og endurskoðun stefnu. Mikilvægt atriði í þeirri vinnu er greining á stöðu og þróun og gildandi stefnu. Í því felst að skoða hvort þörf er fyrir frekari stefnumótun og hvort gildandi stefna sveitarfélagsins eigi við og hvort hún er líkleg til að takast á við þær áskoranir sem blasa við. Að einhverju leyti hefur þessi greining farið fram þegar Dalabyggð ákvað að endurskoða aðalskipulagið.
Gögn Náttúrufræðistofnunar Íslands Trausti Baldursson Náttúrufræðistofnun	Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum þessa máls gerist þörf á því.	Náttúrufræðistofnun Íslands verður upplýst um vinnslutillögu og auglýsingu tillögu.
Vegir og skipulag Erna Bára Hreinsdóttir Vegagerðin	Vegagerðin óskar eftir að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum.	Vegagerðin verður upplýst um vinnslutillögu og auglýsingu tillögu.
Tengsl við aðrar áætlanir		



Kerfisáætlun o.fl. Einar S. Einarsson Landsnet	Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Þar er í kafla 7.2. fjallað um áætlanir á landsvísu, m.a. Kerfisáætlun 2018-2027. Landsnet bendir á að nú liggur fyrir staðfest Kerfisáætlun 2019-2028 og stefnt er að því að kynna Kerfisáætlun 2020-2029 í upphafi sumars. Því bendir Landsnet sveitarfélaginu á að kynna sér og hafa jafnframt til hliðsjónar nýrri kerfisáætlanir. Þá bendir Landsnet sveitarfélaginu á að þegar mörkuð verður stefna um flutning raforku í sveitarfélaginu þá sé jafnframt tekið mið af stefnumörkun stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins og lagningu raflína (sjá þingsályktanir 26/148 og 11/144).	Tekið til skoðunar við greiningu á forsendum og samræmi við stefnu stjórnvalda. Kerfisáætlun er uppfærð á hverju ári og það þarf að fylgjast með breytingum á henni.
Svæðisskipulag Málfríður K Kristiansen Skipulagsstofnun	Í kafla 9 í Svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandsbyggðar 2018-2018 er dregin fram stefna í umhverfis- og skipulagsmálum sem gert er ráð fyrir að verði útfærð í aðalskipulagi hvers sveitarfélags. Við mótun aðalskipulagstillögunnar er mikilvægt að fara yfir þessa áhrifaþætti svæðisskipulagsins, svo sem um nýtingu auðlinda, verndun, samgöngu- og veitukerfi og samspil landslags og mannvirkjagerðar. Við mótun aðalskipulagsins gefst tækifæri til að útfæra nánar stefnu stjórnvalda, þ.e. setja um þau skýr skipulagsákvæði og tímasetja áform til að ná settum markmiðum, hvort sem er fyrir skipulag nýrrar byggðar, endurnýjun byggðar eða skipulag í dreifbýli.	Tekið til skoðunar við greiningu á forsendum og endurskoðun stefnu. Hluti af því er að greina stefnu svæðisskipulagsins og stjórnvalda á landsvísu.
Stefna stjórnvalda til útfærslu í aðalskipulagi Málfríður K Kristiansen Skipulagsstofnun	Í lýsingunni eru tilgreindar áætlanir og stefna stjórnvalda á svæðis- og landsvísu sem fyrirhugað er að skoða í tengslum við stefnu og umhverfismat. Stefna þessara áætlana er að ýmsu leyti samhljóða svo sem varðandi markmið eða aðgerðir til að bregðast við loftlagsbreytingum, tryggja vernd landslags og lífríkis, almenningssamgöngur og vistvæna ferðamáta, efla lýðheilsu, styrkja vinnusóknarsvæði og skilgreina og efla áningastaði fyrir ferðamenn. Við mótun aðalskipulagsins gefst tækifæri til að útfæra nánar stefnu stjórnvalda, þ.e. setja um þau skýr skipulagsákvæði og tímasetja áform til að ná settum markmiðum, hvort sem er fyrir skipulag nýrrar byggðar, endurnýjun byggðar eða skipulag í dreifbýli. Fyrirhugað er að gera sérstaka úttekt á nýtingu vindorku í sveitarfélaginu en nú þegar stendur yfir vinna við mótun stefnu um vindorkunýtingu á tveimur svæðum, þ.e. á Hróðnýjarstöðum og Sólheimum og hafa lýsingar vegna breytinga á aðalskipulagi verið kynntar skv. Skipulagslögum. Nýting vindorku er nýtt viðfangsefni í skipulagsgerð á Íslandi og hefur verið kallað eftir því að stjórnvöld gefi út viðmið og leiðbeiningar um skipulagsákvæðanir og leyfisveitingar um vindorkunýtingu. Eitt af viðfangsefnum viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er skipulag vindorkunýtingar með tillit til landslags, ásamt því að setja fram viðmið fyrir ákvarðanir um slíka nýtingu. Skipulagsstofnun hvetur sveitarfélagið til að fylgjast með framvindu þess verkefnis og jafnframt að skoða nýtingu vindorku með hliðstæðum hætti, þ.m.t. tengsl við flutningskerfi raforku og aðliggjandi sveitarfélög. Þá er nýting vindorku einnig til skoðunar hjá verkefnastjórn rammaáætlunar, m.a. hvort aðferðafræði rammaáætlunar henti við mat á vindorkukostum. Ljóst er á áhugi á uppsetningu vindorkuvera er að aukast og mikilvægt að ákvarðanir um nýtingu vindorku byggji á góðum undirbúningi og greiningu á aðstæðum.	Tekið til skoðunar við greiningu á forsendum og útfærslu stefnu. Hluti þeirra verkfæra og greining sem þarna eru nefndar liggja ekki fyrir.



Stefna og áætlanir Hrefna Jóhannesdóttir Skógræktin	<i>Eins og áður sagði þá hefur Skógræktin hafið vinnu við lands- og landshlutaáætlanir í skógrækt. Þetta eru lögbundnar áætlanir sem Skógræktinni ber að gera í samstarfi við hlutaðeigandi sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila. Í áætlunum verður mörkuð stefna um skipulag skógræktar, stöðu- og árangursmat á viðkomandi svæði og skulu þær vera í samræmi við skipulagsáætlanir og aðra opinbera stefnumörkun. Skógræktin átti góðan fund með Dalabyggð 1. nóvember sl. varðandi þessi mál og fer þess á leit við Dalabyggð að gerð verði skýr grein fyrir tengslum ASK við lands- og landshlutaáætlun í skógrækt og ASK endurspegli áætlanirnar.</i>	Tekið til skoðunar við greiningu á forsendum og útfærslu stefnu. Kanna hjá Skógræktinni stöðu á vinnu við lands- og landshlutaáætlunum í skógrækt.
Menningarminjar og fornleifaskráning		
Fornleifaskráning Magnús A Sigurðsson Minjavörður Vesturlands	<i>Fornleifaskráning hefur ekki farið fram fyrir svæðið. Minjastofnun Íslands setti fram nýja staðla fyrir fornleifaskráningu 2012 og varð notkun þeirra lögbundin 1. janúar 2013. Við skipulagsgerð skal taka tillit til skráðra fornleifa, þ.e. að verndun fornleifa sé höfð að leiðarljósi þegar t.d. framkvæmdasvæði eru tilgreind. Eins þarf að merkja friðlýstar og friðaðar minjar inná uppdrátt ásamt friðhelguðu svæði umhverfis þær, en samkvæmt 22. grein, laga um menningarminjar nr. 80/2012, segir:</i> <i>Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.</i>	Tekið til skoðunar við greiningu á forsendum útfærslu stefnu. Í tillögunni þarf að liggja fyrir áætlun um skráningu fornleifa í Dalabyggð og stefna um vernd menningarminja.
Bæjar og húsakönnun Magnús A Sigurðsson Minjavörður Vesturlands	<i>Ekki hefur verið gerð bæjar og húsakönnun fyrir Dalabyggð, en samkvæmt 16. grein, laga um menningarminjar nr. 80/2012, segir:</i> <i>Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.</i> <i>Í greinargerð með aðalskipulagi skal gera grein fyrir húsum og mannvirkjum á öllu skipulagssvæðinu sem falla undir lög um menningarminjar og skrá samkvæmt stöðlum Minjastofnunar í húsaskrá. Skal skrá friðlýst og friðuð hús og mannvirki og hús og mannvirki sem byggð voru 1925 og fyrr sbr. 28., 30. og 31. grein laga. Æskilegt er einnig að skrá hús og mannvirki sem munu verða 100 ára á gildistíma aðalskipulagsins.</i>	Það þarf að fjalla um friðlýst hús og hús, mannvirki sem byggð voru 1925 og fyrr og mannvirki sem verða 100 ára á tímabilinu í tillögunni, gera lista yfir hús og mannvirki sem falla undir þetta ákvæði.
Menning og menningarminjar Hrefna Jóhannesdóttir Skógræktin	<i>Fornleifaskráning er lögbundin hluti skipulagsvinnu en hvað umfang varðar er gert ráð fyrir að sveitarfélög klári skráningu fornminja á framkvæmdasvæðum og í þéttbýli í tengslum við aðalskipulagsgerð. Nú er það svo að í sumum tilfellum þegar verið er að gefa út framkvæmdaleyfi til skógræktar þá er farið fram á að skráningu fornminja sé lokið innan umrædds skógræktarsvæðis, áður en framkvæmdaleyfi er gefið út. Er það Minjastofnun Íslands sem fer fram á það við sveitarfélögin og er lagt upp með að kostnaður vegna skráningar sé greiddur af framkvæmdaraðila, þ.e. skógarbónda. Á landsvísu eru það örfá sveitarfélög sem krefjast þess að þessi kostnaður sé greiddur af bændum. Flest sveitarfélög standa straum af þeim kostnaði sem fellur til vegna fornleifaskráningar þar sem þau fara með</i>	Tekið til skoðunar við útfærslu stefnu. Væri æskilegt að funda með Skógræktinni og fara nánar yfir þetta.



	skipulagsvald sbr. skýrslu Ríkisendurskoðunar til Alþingis í maí 2018 um stjórnýslu fornleifaverndar, sjá 1.mgr. kafla 3.3.1. Hlutverk og afstaða sveitarfélaga, „Lög um menningarminjar og skipulagslög kveða skýrt á um að íslenskum sveitarfélögum beri að standa straum af kostnaði sem fellur til vegna fornleifaskráningar þar sem þau fara með skipulagsvald. Skógræktin óskar þess að sveitarfélögin vinni með skógarbændum að þessu máli þar sem skógrækt er mikilvægt byggða- og umhverfismál og í takti við margvíslega stefnu og áætlanir Dalabyggðar og aðrar stefnur og áætlanir svo sem Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna, Landsskipulagsstefnu og Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Til dæmis með því að setja það í forgang að skrá menningarminjar þar sem fara á í framkvæmdir sem framfylgja stefnu sveitarfélagsins í byggða- og loftslagsmálum.	
Neysluvatn og vatnsvernd		
Neysluvatn og vatnsvernd Ása Hólmarsdóttir Heilbrigðiseftirliti Vesturlands	HeV telur að ágætlega sé gerð grein fyrir mikilvægi neysluvatns og vatnsverndar. Í umhverfismatinu í töflu 6.2 kemur m.a. fram að „byggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess. Auka vatnsgæði með því að draga úr mengun. Vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár og grunnvatnsból og stöðuvötn. Umhverfisvísar sem tengjast framvindu þessa markmiðs í skipulagslýsingunni eru: fráveita, vatnsgæði, votlendi og mengun.“ Þá er einnig fjallað um neysluvatn í kafla 3.4 (Helstu viðfangsefni og sérstakar áherslur sveitarstjórnar) um auðlindir: „Auðlindir. Að tekið verði saman yfirlit yfir helstu auðlindir í sveitarfélaginu, sem tekur m.a. til neysluvatns og áætlaða þörf íbúa og atvinnulífs, m.a. varðandi neysluvatn. Sameiginleg vatnsveita er fyrir stóran hluta íbúa Dalabyggðar kemur úr vatnsbóli í Svinadal. Gera þarf grein fyrir vatnsveitunni í gögnum með skipulagstillögu aðalskipulags sem á að leggja fram á næsta ári.	Til skoðunar við greiningu forsendna og útfærslu tillögu. Tekið eru undir að gera þarf grein fyrir vatnsveitunni í tillögu aðalskipulags.
Stjórn vatnamála Axel Benediktsson og Björn Stefánsson Umhverfisstofnun	Í greinargerð kemur fram að unnið er að mótun vatnaáætlunar, skv. lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Umhverfisstofnun bendir á að markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland fari í almenna kynningu árið 2021 og taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Samkvæmt markmiðum laganna og reglugerðarinnar skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Unnið er að því að skilgreina gæðapætti og koma á kerfi til að meta ástand vatnshlota. Í vatnaáætlun munu verða sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin sem miða að því að halda vatnsgæðum góðum.	Litið til þessa við greiningu á forsendum og útfærslu stefnunnar. Þessi áætlanagerð hefur legið niðri í mörg ár.



	Umhverfisstofnun bendir á að t.d. efnistaka í straumvötnum flokkast sem vatnsformfræðileg breyting á vatnshloti og getur valdið álagi á lífríki. Umhverfisstofnun bendir á að vatnsafsvirkjanir flokkast sem vatnsformfræðileg breyting á vatnshloti og getur valdið álagi á lífríki.	
Vegir		
Umferðaröryggi og vegtengingar Erna Bára Hreinsdóttir Vegagerðin	Af umferðaröryggisástæðum skal halda fjölda tenginga við þjóðveg í lágmarki og vanda útfærslu þeirra í samræmi við gildandi veghönnunarreglur. Vegagerðin óskar eftir góðu samstarfi varðandi þá þætti er snúa að starfsemi hennar.	Tekið til skoðunar við greiningu á forsendum og útfærslu stefnu. Á þessum tímapunkti liggur ekki fyrir hvort um er að ræða fjölgun vegtenginga við þjóðvegi í Dalabyggð, en umferðaröryggi og samgöngubætur verða til umfjöllunar í aðalskipulagsvinnunni.
Vegir og skipulag og fundir með Vegagerðinni Erna Bára Hreinsdóttir Vegagerðin	Vegagerðin vekur athygli sveitarfélaga á ritinu „Vegir og skipulag“ sem unnið var af VSÓ ráðgjöf fyrir og í samvinnu við Vegagerðina og Samband íslenskra sveitarfélaga en ritinu er ætlað að stuðla að skilvirku samráðsferli við skipulagsvinnu þannig að tekið sé næglegt tillit til samgöngumannvirkja á ábyrgð Vegagerðarinnar. http://www.vegagerdin.is/media/upplýsingar-og-utgafa/13259_sk140615_Leidbeiningar.pdf Vegagerðin óskar eftir fundi þar sem farið verður yfir helstu áhersluatriði Vegagerðarinnar og sveitarfélagsins varðandi málefni Vegagerðarinnar.	Tekið til skoðunar við greiningu á forsendum og útfærslu stefnu. Mikilvægt að Dalabyggð fundi með Vegagerðinni og nýti þann fund til að koma að nýjum áherslum sveitarfélagsins í samgöngumálum.
Vegir í náttúru Íslands - gerð vegaskrár Málfriður K Kristiansen Skipulagsstofnun	Með tillögu að aðalskipulagi þarf að leggja fram og kynna tillögu sveitarfélagsins að vegaskrá um vegi í náttúru Íslands, aðra en þjóðvegi, sbr. 32. gr. laga um náttúruvernd og reglugerð þar um nr. 260/2018. Vegaskrá sveitarfélagsins verður hluti vegaskrár Vegagerðarinnar þar sem hún verður opin almenningi til skoðunar og til niðurhals. Vegaskrá sveitarfélagsins og breytingar á henni verða birtar í B-deild Stjórnartíðinda samhliða gildistöku hlutaðeigandi aðalskipulagsáætlun. Við mótun aðalskipulagstillögunnar þarf því að fara yfir vegi og vegslóða í sveitarfélaginu og flokka í opna vegi og vegi með takmarkaða notkun og tilgreina hvers eðlis þær takmarkanir eru sbr. 4. gr. reglugerðarinnar. Hafa þarf í huga að vegaskráin þarf að vera stafræn og skilað á stafrænu formi til Skipulagsstofnunar, sbr. 4. gr. framangreindrar reglugerðar. Við gerð tillögu að vegaskránni þarf að hafa samráð við Umhverfisstofnun, Vegagerðina, Landmælingar Íslands, Samtök ferðaþjónustunnar o.fl., sbr. 2. gr. reglugerðarinnar.	Sérstakt viðfangsefni sem þarf að sinna samhliða gerð vinnslutillögunnar.
Vegir í náttúru Íslands Axel Benediktsson og Björn Stefánsson Umhverfisstofnun	Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. Reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Auk þess bendir stofnunin á að vinnu samkvæmt ákvæði þessu skal lokið fyrir árslok 2020.	Gerð skrár um vegi í náttúru Íslands, aðra en þjóðvegi, er viðfangsefni við gerð aðalskipulags. Tekið til skoðunar samhliða gerð vinnslutillögu. Athuga mætti hvort ástæða er til að flýta þessari vinnu.



	Við gerð skrárinnar skulu sveitarfélög hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaganna, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar, sbr. 2. mgr. 32. gr. laga um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að samráðið fari fram á vinnslustigi tillögunnar þar sem skv. 75. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 fer Umhverfisstofnun með eftirlit með framkvæmd laganna, þar á meðal með eftirlit, í samvinnu við önnur stjórnvöld, með því að reglur um akstur utan vega séu virtar. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að vegaskráin er jafnframt háð samþykki Umhverfisstofnunar, eða annarra stjórnvalda þjóðgarða, þegar svæði liggja innan friðlýstra svæða eða þjóðgarða, sbr. 2. mgr. 32. gr. laga um náttúruvernd. Í 3. mgr. ofangreindra laga segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skal sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, viðurni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa. Vegagerðin heldur utan um skrána en sveitarfélög bera ábyrgð á að senda tillögur þegar vinna við aðalskipulag fer fram, sbr. 1. og 2. mgr. 32. gr. laga um náttúruvernd. Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgangi skipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.	
Fráveita og úrgangsmál		
Fráveitumál og úrgangsmál Ása Hólmarsdóttir Heilbrigðiseftirliti Vesturlands	HeV telur að gera þurfi betur grein fyrir áherslum í skipulagslýsingu sem varða fráveitumál og úrgangsmál til framtíðar.	Tekið til skoðunar við greiningu á forsendum og útfærslu stefnunnar. Um er að ræða viðfangsefni í aðalskipulagsgerð samkvæmt skipulagsreglugerð.
Fráveita Axel Benediktsson og Björn Stefánsson Umhverfisstofnun	Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um hver staða fráveitumála sé í sveitarfélaginu, þar sem kæmi fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert er ástand viðtakans. Einnig bendir stofnunin á að ef þörf er á úrbótum í fráveitumálum þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins sé varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta sé.	Tekið til skoðunar við greiningu á forsendum og útfærslu stefnunnar. Um er að ræða viðfangsefni í aðalskipulagsgerð samkvæmt skipulagsreglugerð.
Náttúrufar og náttúruvernd		



Gögn Náttúrufræðistofnunar Íslands Trausti Baldursson Náttúrufræðistofnun Íslands	Náttúrufræðistofnun vill einnig benda á eftirfarandi gögn sem geta komið að notum: Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf og http://ni.is/grodur/vistgerdir/sja/jafnframt kortasja http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort, og Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi og http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf. Jafnframt er bent á að stofnunin hefur nýlega lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákveðin svæði á landinu og að þau verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúru-minjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: http://ni.is/midlun/natturuminjaskra en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, https://natturuminjaskra.ni.is/. Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Nái tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Það skal því ítrekað að hér er um faglegt áliti Náttúrufræðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd. http://ni.is/midlun/natturuminjaskra. Finna má upplýsingar um aðferðafræði við mat á verndargildi og val á verndarsvæðum hér: http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf Einnig má finna upplýsingar um 61. gr. laga um náttúruvernd hér: https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd og upplýsingar um jarðfræði Íslands hér: https://jardfraedikort.ni.is/. Finna má upplýsingar um seli og selalátur við landi hér: http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf og hér http://selalatur.ni.is/ Yfirlit yfir válista, plöntur og dýr, má finna hér: https://ni.is/midlun/utgafa/valistar. Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.	Tekið til skoðunar við greiningu á forsendum og útfærslu stefnunnar, en jafnframt lagt sjálfstætt mat á gæði þeirra gagna sem Náttúrufræðistofnun leggur hér til.
Tillaga að framkvæmdaáætlun (B-hluta) Axel Benediktsson og Björn Stefánsson Umhverfisstofnun	Umhverfisstofnun bendir á að Ní hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúru-minjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. Umhverfisstofnun vill benda á að innan sveitarfélagsins er svæði á tillögu Ní að framkvæmdaráætlun (B-hluta) og má t.d. nefna Laxárdalsheiði og Sölvatangi. Laxárdalsheiði er svæði tilnefnt vegna þess að svæðið er alþjóðlega mikilvægt varpsvæði álftar og himbrima (https://natturuminjaskra.ni.is/). Tillögurnar hafa verið birtar á heimasíðu stofnunarinnar og fela í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind (https://natturuminjaskra.ni.is/). Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúru-minjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin,	Tekið til skoðunar við greiningu á forsendum og útfærslu stefnunnar. Tilgreindar tillögur Ní eru ekki hluti af gildandi B-hluta náttúru-minjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum. Það þarf að ákveða með hvaða hætti þessar tillögur (og gögn) verða nýtt í skipulagsgerðinni.



	landeigendur og aðra hagsmunaaðila, en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila. Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruvinnjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.	
Óbyggð víðerni Axel Benediktsson og Björn Stefánsson Umhverfisstofnun	Í 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þar sem fjallað er um verndarmarkmið fyrirjarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni, segir í e. lið. 1. mgr.: „Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.“ Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð, eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum. Í landsskipulagsstefnu segir að samkvæmt stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun skal tryggja að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands. Einnig að reynt verði að byggja mannvirki utan skilgreindra víðerna en þar sem slíkt er ekki mögulegt verði þess gætt að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver stefna sveitarfélagsins er varðandi verndun óbyggðra víðerna í sveitarfélaginu sbr. 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013	Tekið til skoðunar við greiningu á forsendum. Sérstaklega þarf að kortleggja/kanna umfang óbyggðra víðerna í Dalabyggð samkvæmt viðmiðum í núgildandi lögum um náttúruvernd.
Búsvæði sela Axel Benediktsson og Björn Stefánsson Umhverfisstofnun	Í greinargerð kemur fram að selir eru mikilvægur hluti lífríkis svæðisins og landselur og útselur kæpa á skerjum um allan Breiðafjörð. Umhverfisstofnun bendir á að hægt er að sjá útbreiðslu selaláturs á vefsíðu NÍ (http://selalatur.ni.is/). Umhverfisstofnun vill einnig benda á að selir eru skráðir á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018). Þar er landselur flokkaður sem tegund í bráðri hættu og útselur flokkaður sem tegund í hættu. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi landnotkun á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði sela.	Tekið til skoðunar við greiningu á forsendum og útfærslu stefnu.
Sérstök vernd Axel Benediktsson og Björn Stefánsson Umhverfisstofnun	Umhverfisstofnun bendir á að innan sveitarfélagsins eru vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eins og votlendi, fossar og birkiskógar. Hægt er að sjá útbreiðslu vistkerfanna og jarðminjanna á vefsíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ), serstokvernd.ni.is, og vefsíða Skógræktarinnar, www.skogur.is.	Tekið til skoðunar við greiningu á forsendum og útfærslu stefnunnar.



	Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. laga um náttúruvernd er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd þeirra vistkerfa og jarðmyndana sem falla undir 61. gr. laganna og hvernig stefnan sé í samræmi við ákvæði laganna.	
Vistgerðir Axel Benediktsson og Björn Stefánsson Umhverfisstofnun	Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (http://vistgerdakort.ni.is/) eru innan sveitarfélagsins vistgerðir sem hafa mjög hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Starungsmýrarvist er dæmi um vistgerð innan sveitarfélagsins sem hefur mjög hátt verndargildi og með ríkulegu fuglalífi þar sem algengustu varpfuglar eru m.a. lóupræll (<i>Calidris alpina</i>), spói (<i>Numenius phaeopus</i>) og þúfutittlingur (<i>Anthus pratensis</i>). Þess má geta að m.a. spói er ábyrgðartegund Íslands. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi landnotkun á svæðum vistgerða með hátt verndargildi og búsvæðum fugla.	Tekið til skoðunar við greiningu á forsendum og útfærslu stefnunnar.
Mikilvæg fuglasvæði Axel Benediktsson og Björn Stefánsson Umhverfisstofnun	Umhverfisstofnun bendir á að innan sveitarfélagsins eru mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðarkorti NÍ sem nefnist Laxárdalsheiði. Umhverfisstofnun bendir á að á þessum svæðum eru fuglategundir sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á valista og ábyrgðartegund Íslands. (Sjá lista NÍ: https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla) Í skýrslu NÍ frá árinu 2012 er nefnist „Vöktun íslenskra fuglastofna – Forgangsröðun tegunda og tillögur að vöktun“ eftir Guðmundur A. Guðmundsson og Kristín Hauk Skarphéðinsson segir m.a. að talað sé um ábyrgðartegundir einstakra landa ef stór hluti einhvers dýrastofns byggir afkomu sína á tilteknum svæðum innan einstakra þjóðríkja. Einnig segir í skýrslunni að Íslendingar beri mikla ábyrgð á mörgum stofnum fugla sem annaðhvort verpa hér í óvenju ríkum mæli eða þá að stór hluti viðkomandi stofns fari hér um á ferðum sínum vor og haust. Á heimasíðu NÍ segir að miðað sé við að um 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum kallist ábyrgðartegund. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi landnotkun á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði fyrir fugla.	Tekið til skoðunar við greiningu á forsendum og útfærslu stefnunnar. Sjá einnig umsögn NÍ.
Algengasta vindátt í Ásgarði Árni Snorrason Veðurstofa Íslands	Bent skal á að í undirkaflann Veðurfar mætti bæta við að í Ásgarði er norðnorðaustanátt algengasta vindáttin og jafnframt algengasta hvassviðrísáttin.	Tekið til skoðunar við greiningu á forsendum.



Lífriki bls. 8. Valdís Einarsdóttir	„Votlendi er einkum að finna á Skarðsströnd, við Hvammsfjörð og í dölum upp frá honum.“ Orðaflaumurinn gerir það að verkum að það þarf nokkra umhugsun til að meðtaka að undir þessa skilgreiningu á svæði fellur allt sveitarfélagið nema Saurbær. Ekki er meginmunur á öröskuðu votlendi í Saurbæ og Skarðsströnd samkvæmt korti Náttúrufræðistofnunar (https://serstokvernd.ni.is/). Farið er almennum orðum um fuglalíf í eyjum og strandlengju, en ekki minnst á fuglalíf inn til dala og upp til fjalla. Haförn og þórshani er taldir til fuglategunda á válista sem eru óvenjulega algengar á Breiðafirði. Á þennan lista mætti bæta við hvítmáf og teistu sem eru á sama válista. Ekki er minnst á mikilvægt fuglaverndarsvæði í Laxárdal (https://www.ni.is/greinar/velaxardalsheidi).	Tekið til skoðunar við greiningu á forsendum og útfærslu stefnunnar. Sjá einnig umsögn NÍ.
Náttúruverndarsvæði, bls. 9 Valdís Einarsdóttir	Ekki er minnst hér á áður nefnt fuglaverndarsvæði í Laxárdal sem þó eru 541,6 km ²	Tekið til skoðunar við greiningu á forsendum og útfærslu stefnunnar. Sjá einnig umsögn NÍ.
Vindorkuver eða vindorkugarðar		
Vindorkugarðar í landi Sólheima og Hróðnýjarstaða – votlendi, mikilvæg fuglasvæði og almannahagsmunir Helgi I Jónsson	Samkvæmt a. Lið 1. mgr. 61. gr. Laga nr. 60/2013 um náttúruvernd nýtur votlendi sérstakrar verndar og eftir 3. mgr. sömu greinar greinar ber að forðast að raska vistkerfum, sem talin eru upp í 1. Og 2. mgr. greinarinnar, nema brýna nauðsyn beri til. Á milli Hvammsfjarðar og Hrútafjarðar eru mörg vötn og mikið votlendi, þ.á.m. í landi Hamra. Þá eru þar alþjóðlega mikilvæg varpsvæði álfra og himbrima, en Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á siðarnefndu tegundinni, sem mun vera á válista yfir fuglategundir í hættu. Að mati eigenda jarðarinnar Hamra hafa viðhlítandi rök ekki verið færð fyrir því að brýna nauðsyn beri til, en það felur í sér að um þurfi að vera sérlega ríka, almannahagsmuni, að reisa tvö vindorkuver með stuttu millibili með tilliti til orkuþarfar í Dalabyggð. Á það er bent að gert er ráð fyrir allt að 130 MW orkuframleiðslu á Hróðnýjarstöðum og allt að 115 MW framleiðslu á Sólheimum. Samlegðaráhrif þessarar orkuframleiðslu eru 245 MW. Fyrir þessari feyki miklu orkuframleiðslu/orkuþörf hafa að okkar mati ekki verið færð haldbær rök.	Til umfjöllunar í aðalskipulagsbreytingunni og væntanlega er fjallað um þessi áhrif í umhverfismati framkvæmdarinnar. Ábending um fuglasvæði til skoðunar í forsendugreiningu, sbr. ábendingu NÍ.
Vindorkugarðar í landi Sólheima og Hróðnýjarstaða – hávaða- og sjónmengun o.fl. Helgi I Jónsson	Gert er ráð fyrir allt að 27 vindmyllur verði reistar í landi Sólheima á 3.200 hektara svæði. Um er að ræða gríðarmikil mannvirkni, en ráðgert er að turnar vindmyllnanna verði á bilinu 91,5 – 105 metrar á hæð og þvermál spaða 117 – 136 metrar. Hlýtur hávaðamengun af mannvirkjum að vera mikil á svæði þar sem kyrrð ríkir, auk umtalsverðrar sjónmengun í dal eins og Laxárdal. Loks er á það bent að af hálfu stjórnvalda er unnið að því að móta móta langtímaorkustefnu fyrir Ísland og fyrir en niðurstaða af þeirri vinnu liggur fyrir verður að telja allsendis ótímabært að leggja út í jafn umfangsmiklar framkvæmdir og hér um ræðir, með umhverfisáhrifum sem þeim fylgja. Af þessu hafa eigendur jarðarinnar Hamra ríkra hagsmuni að gæta, þar sem miklar líkur eru á að þær muni hafa þær afleiðingar að verðgildi jarðarinnar rýrni, auk þess sem veruleg og óafturkræf umhverfisspjöll muni hljóta af þeim. Framangreindum breytingum á aðalskipulagi Dalabyggðar er því mótmælt.	Til umfjöllunar í aðalskipulagsbreytingunni og væntanlega er fjallað um þessi áhrif í umhverfismati framkvæmdarinnar.



Vindorkuver Axel Benediktsson og Björn Stefánsson Umhverfisstofnun	<i>Í greinargerð kemur fram að áætlanir eru um uppbyggingu tveggja vindorkuvera og eru þau verkefni í skipulagsferli.</i> <i>Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi breytingar á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004 – 2016 varðandi vindorkugarða á Sólheimum og Hróðnýjarstöðum dags. 13. júní 2019.</i> <i>Auk þess veitti Umhverfisstofnun umsögn til Skipulagsstofnunar vegna tillögu að matsáætlun dags. 30. janúar 2020 fyrir vindorkugarð í landi Sólheima.</i>	Til umfjöllunar í aðalskipulagsbreytingunni og væntanlega er fjallað um þessi áhrif í umhverfismati framkvæmdarinnar.
Vindmyllugarðar Erna Bára Hreinsdóttir Vegagerðin	<i>Vegagerðin óskar eftir góðu samstarfi varðandi þá þætti er snúa að starfsemi hennar. Varðandi vindmyllugarða er rétt að vekja athygli á að um óvenju viðamikla flutninga íhluta, sjá reglugerð nr. 155/2007. Flutningarnar geta kallað á breytingar á vegakerfinu, á kostnað framkvæmdaraðila, en skulu vera í fullu samráði við Vegagerðina.</i>	Til umfjöllunar í aðalskipulagsbreytingunni og væntanlega er að einhverju marki í umhverfismati framkvæmdarinnar
Auðlindir, bls. 16 Valdís Einarsdóttir	<i>„Gerð verði úttekt á mögulegum vindorkusvæðum með tilliti til byggðar, ásýndar og hljóðvistar og hvort slík vinnsla sé möguleg innan sveitarfélagsins.“ Hér er hvergi minnst á að taka tillit til verndar vatns, náttúru- eða menningarminja í samhengi við nýtingu vindorku. Umhverfi er ein af þremur stoðum sjálfbærrar þróunar og er hún eitt af markmiðum skipulagslaga og leiðarljós landsskipulagsstefnu.</i>	Umhverfismat aðalskipulagstillögunnar mun leiða í ljós áhrifin á þá þætti sem nefndir eru, þ.e. „...til verndar vatns, náttúru- eða menningarminja í samhengi við nýtingu vindorku“. Auk þess ættu þessi áhrif að vera til umfjöllunar í umhverfismati framkvæmda fyrir þau vindorkuver sem fyrirhugað er að reisa.
Flokkun landbúnaðarlands, skógrækt o.fl.		
Skipulag í dreifbýli Málfríður K Kristiansen Skipulagsstofnun	<i>Í lýsingunni kemur fram að landbúnaðarland verði flokkað með tilliti til framtíðarnýtingar og verndar. Skipulagsstofnun beinir því til sveitarfélagsins að nýta flokkunina til að tryggja að land sem er vel fallið búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota með skipulagsákvörðunum.</i> <i>Þá hvetur stofnunin til að á grundvelli vistkerfisgreiningar verði í aðalskipulaginu mörkuð stefna um varðveislu og endurheimt votlendis með hliðsjón af stefnu stjórnvalda um náttúruvernd og kolefnisbindingu. Minnt er á að nýta flokkun landbúnaðarlands, vistkerfis- og landslagsgreiningu við skipulagsákvæðanir um uppbyggingu í dreifbýli, svo sem vegna ferðaþjónustu, orkuvinnslu og skógræktar, ef hún er áformuð af einhverju umfangi.</i> <i>Við þessa vinnu mætti styðjast við kortlagningu landslagsgerða sem unnið er að í tengslum við mótun viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026, þar sem sjónum er sérstaklega beint að skipulagsgerð m.t.t. landslags. Sett verða viðmið fyrir greiningu á óbyggðum viðernum og unnið kort þar sem landið allt er flokkað niður í megin landslagsgerðir. Tilgangur verkefnisins er m.a. að viðhalda sérkennum og náttúrugæðum miðhálandisins og að beina meiriháttar mannvirkjagerð að stöðum sem rýra ekki viðerni eða landslagsheildir hálandisins. Þó ekki séu óbyggð viðerni í Dalabyggð, geta sömu viðmið átt við m.a. fyrir áform um vindorkuver á Hróðnýjarstöðum og Sólheimum.</i>	Tekið til skoðunar við greiningu á forsendum og útfærslu stefnu. Hluti þeirra verkfæra og greininga sem þarna eru nefndar liggja ekki fyrir af hálfu stjórnvalda.



Flokkun landbúnaðarlands og stefna um skógrækt á landbúnaðarlandi Böðvar B. Magnússon og Bergþóra Jónsdóttir Sauðfjór- og skógarbændur á Hrútsstöðum	Við undirrituð erum sauðfjór- og skógarbændur á Hrútsstöðum og Kambsnesi í Dalabyggð. Við gerum athugasemdir við ákveðin atriði sem fram koma í skipulags- og matslýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulags í Dalabyggð. Fram kemur að flokkun landbúnaðarlands verði notuð til að marka stefnu um nýtingu og eftir atvikum vernd landbúnaðarlands s.s. með tilliti til skógræktar (bls. 16). Í Flokkun landbúnaðarlands, viðmið og útfærsla í skipulagi vegna endurskoðunar aðalskipulags Dalabyggðar segir: „Almennt er ekki gert ráð fyrir skógrækt á tünnum og ökrum, ef frá er talin skjólbeltaræktun“ (bls. 6). Við gerum athugasemd við þetta og teljum að það sé okkar réttur sem landeigendur að nýta land okkar á þann hátt sem við kjósum svo fremi sem notkunin sé sjálfbær og landinu til góða. Skógrækt er eina búgreinin sem settar eru takmarkanir í skipulags- og matslýsingunni. Skógrækt fellur undir landbúnað og er ábyrg landnotkun. Það þarf ekki að vernda landbúnaðarland fyrir landbúnaði eins og skógrækt eða annarri ræktun. En það gæti þurft að vernda það fyrir t.d. vegum, byggingum o.þ.h. framkvæmdum. Skógrækt þarf á frjósömu landi að halda eins og öll önnur ræktun. Sauðfjórækt stafar ekki hætta af skógrækt. Við teljum það okkar að ákveða og skipuleggja hvernig við högum landnotkun á landi okkar og skiptum henni milli búgreina. Skógrækt er vaxandi atvinnugrein með margvíslegan ávinning og tækifæri. Skógrækt til viðurframleiðslu gengur betur á frjósömu landi og úrvinnsla skógarafurða getur orðið að veruleika innan tíðar í Dalabyggð. Auk þess að jólatrjárækt á ökrum á mikla framtíð fyrir sér. Stefna sauðfjórþænda er að kolefnisjafna greinina. En stefna sveitarstjórnar í aðalskipulagi gengur þvert á þær áætlanir. Ef markmið skógræktar er kolefnisbinding er mikilvægt að geta sparað land og girðingar með því að nýta frjósamasta landið og/eða gömul ónotuð tún fyrir fljótsprottar og framleiðslumiklar tegundir. Allar hömlur og takmarkanir á landnýtingu þýðir tekjutap og rýrir atvinnumöguleika. Ræktanlegt land í Dalabyggð er mikið og nægt rými er fyrir bæði sauðfjórækt og skógrækt. Þessar búgreinar fara vel saman það þekkjum við af eigin reynslu. Það er engin ástæða að skipulagsvald stjórnar því að „geyma“ land eins fyrir hugsanlega notkun annars einhvern tímann. Með boðum og bönnum í formi vörslu í stað þess að nýta tækifærin getur ekki verið til framdráttar fyrir okkur né Dalabyggð. Það er ekki ásættanlegt að við sem landeigendur og sauðfjórþændur megum ekki nýta það land okkar sem við viljum til skógræktar. Það er því síður ásættanlegt að aðrir landeigendur megi ekki nýta að frjálsum vilja lönd sín því okkar búgrein, sauðfjórækt, eigi hugsanlega einhvern tímann tilkall til eignarlanda þeirra. Ef kæmi til slíkrar eignaupptöku yrði það á valdi annars stjórnvalds en sveitarstjórna. Að skapa togstreitu milli búgreina og ósætti meðal bænda í sveitarfélaginu teljum við ekki sæmandi stefnu sveitarstjórnar. Enda segir í skipulags- og matslýsingunni að tilgangur endurskoðunarinnar sé að marka skýra og raunhæfa stefnu um skipulagsmál og skapa þannig vettvang samvinnu og sáttar við íbúana. Það er líka óásættanlegt að takmarkanir landnýtingar í aðalskipulagi Dalabyggðar geti hugsanlega verðfellt jarðir og/eða gert þær illseljanlegar.	Tekið til skoðunar við greiningu á forsendum og útfærslu stefnu. Nauðsynlegt er að skoða umfang áformaðrar skógræktar og skoða það svigrúm sem er til stefnumótunar með valkostagreiningu. Tilefni til að hafa sérstakan skipulagshóp um nýtingu landbúnaðarlands.
--	--	---



	Sveitarstjórn virðir ekki jafnræðisreglur með því að leggja það til í aðalskipulagi að einni búgrein verði tryggt rými og annarri settar skorður. Sauðfjárrækt á undir högg að sækja og hefur oft þurft að þola ósanngjarna gagnrýni. Það er ekki sauðfjárrækt til framdráttar að sveitarstjórn Dalabyggðar ýti undir frekari gagnrýni á búgreinina með því að gera henni sérstaklega hátt undir höfði á kostnað annarrar. Við vörum við slíkum aðferðum sem sauðfjár - skógarbændur. Við ítrekum að skógrækt er landbúnaður og á sama rétt til landnotkunar og aðrar búgreinar. Við förum fram á það að skógrækt sé leyfð á túnnum og ökrum svo allar búgreinar njóti sama réttar til landnotkunar í endurskoðuðu aðalskipulagi Dalabyggðar 2017-2029.	
Flokkun landbúnaðarlands og viðmið og útfærslu í skipulagi Bergþóra Jónsdóttir, Guðmundur Sigurðsson og Halla Guðmundsdóttir Félag skógarbænda á Vesturlandi	Fram kemur í Skipulags- og matslýsingunni (kafla 3.4 bls. 16) að flokkun landbúnaðarlands verði nýtt til að marka stefnu um nýtingu þess og eftir atvikum vernd landbúnaðarlands svo sem með tilliti til skógræktar. Ekki kemur nánar fram hvað er átt við með tilliti til skógræktar. En í kafla 3.1 Tún og akrar (Flokkun landbúnaðarlands - Viðmið og útfærsla í skipulagi - Endurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar) segir „Almennt er ekki gert ráð fyrir skógrækt á túnnum og örkum, ef frá er talin skjólbeltaræktun.“ Við þetta vill stjórn Félags skógarbænda á Vesturlandi (FsV) gera athugasemd. Vernd landbúnaðarlands þýðir ekki að vernda þurfi það fyrir landbúnaði eða ræktun þ.e. hér skógrækt. Skógrækt er ræktun sem fellur undir landbúnað. Landbúnaðarland gæti þurft að vernda fyrir öðrum framkvæmdum s.s. vegum, þéttbýli, byggingum og iðnaðarsvæðum. Enda kemur fram í Skýrslu nefndar um landnotkun sem höfð er til hliðsjónar við endurskoðun skipulagsins: Að skógrækt sé ekki jafn varanleg ráðstöfun á landi og sú sem felst t.d. í þéttbýli eða vegarlagningu, allri ræktun komi frjósamur jarðvegur til góða og á Íslandi sé ræktanlegt land mun meira en nýtt sé til ræktunar. Nefndin telur því ekki knýjandi þörf á því að takmarka skógrækt í ræktunarlandi. (Skýrsla nefndar um landnotkun: Athugun á notkun og varðveislu ræktanlegs lands á Íslandi. Atvinnu- og nýsköunarráðuneytið, 2010). Skógrækt er ein af búgreinum landbúnaðar á Íslandi og skógarbændur eru í Bændasamtökum Íslands. Skógrækt er eina búgreinin sem skilgreind er með einhverjum takmörkunum í Skipulags- og matslýsingunni. Stjórn FsV gerir alvarlega athugasemd við það og fer fram á að við endurskoðun aðalskipulagsins hafi skógrækt sama rétt til notkunar á landbúnaðarlandi og aðrar búgreinar. Það á ekki að vera stefna í aðalskipulagi að meina jarðeigendum skynsamlega landnotkun, sem skógrækt sannarlega er, með þeim rökum að vernda þurfi landið fyrir aðrar búgreinar. Það að vernda eða gera ekki ráð fyrir skógrækt á hluta af eignarlöndum, hér akurlendi og túnnum, takmarkar möguleika landeigenda á því hvernig hann skipuleggur skógrækt sína og hver árangurinn verður. Auk þess sem landið er ekki falt fyrir aðra nema samningur um það sé gerður við landeiganda. Tún og grasgefið land er ekki alltaf ákjósanlegasti kosturinn til skógræktar þar sem samkeppnin við grasvöxtinn getur verið erfið. Bændur í Dölum nýta mörg tún og í sumum tilfellum beitilönd á jörðum skógarbænda. En víða eru gömul tún sem enginn hefur þörf fyrir að nýta og hafa því skógarbændur í sumum tilfellum valið þá leið að nýta það land til skógræktar. Með réttum aðferðum og tegundavali hefur slík ræktun oft gefist vel. Það að meina landeigendum að nýta eignarlönd sín með þeim rökum að aðrar búgreinar þurfi hugsanlega einhvern	Tekið til skoðunar við greiningu á forsendum og útfærslu stefnu. Nauðsynlegt er að skoða umfang áformaðrar skógræktar og skoða það svigrúm sem er til stefnumótunar með valkostagreiningu. Tilefni til að hafa sérstakan skipulagshóp um nýtingu landbúnaðarlands.



	tímann á landinu að halda á ekki að vera stefna nokkurs sveitarfélags í aðalskipulagi. Ef til þess kemur einhvern tímann verður slík ákvörðun um eignaupptöku lands á hendi stjórnvalda þess tíma. Lög um skóga og skógrækt hafa að markmiði ræktun nýrra skóga til að byggja upp fjölbreytta skógarauðlind til sjálfbærra nytja (nr. 33 2019). Skógarauðlindin skilar efnahagslegum, félagslegum og umhverfislegum ávinningi í sveitarfélögum. Ávinningur með skógrækt er margþættur. Má þar nefna landbætur, skjól fyrir menn og búfénað, viðarframleiðslu, kolefnisbindingu, úrvinnslu skógarafurða, vatnsmiðlun, auðgun lífs í ám og vötnum og bindingu svífryks. Auk þess sem skógar draga úr hávaða, eru aðlaðandi til útivistar og styðja við ferðaþjónustu. Skógrækt er mikilvægur þáttur landbúnaðar í Dalabyggð og hefur jákvæð áhrif á atvinnuþróun og byggð. Markmið skógarbænda er að skila betra landi til komandi kynslóða og skapa auðlind og afurðir. Dalabyggð er rík að vel grónu landi á láglandi samanborið við önnur sveitarfélög. Ræktaðir skógar eru aðeins 0.9 % lands í Dalabyggð og eru þeir mest gróðursettir á rýru landi. Það hentar vel að rækta skóg til landbóta á rýru landi en frjósamt land þarf til að rækta hraðvaxta tegundir til viðarframleiðslu og kolefnisbindingar. Skógrækt á lögbýlum í samstarfi við Skógræktina er ábyrg og sjálfbær landnýting. Skógurinn er þá skipulagður, fylgt er skógræktaráætlun og skógarbóndinn fær ráðgjöf og tekjur. Auk þess skapast í sveitarfélaginu tekjur fyrir mun fleira s.s. ýmsa verktakavinnu. Bændur í Dölum hafa komið sér upp tækjabúnaði við jarðvinnslu og girðingar og haft tekjur af því. Auk þess eykst öll verslun og þjónusta við starfsemi á hverri jörð. Flestir skógarbændur í Dölum stunda einnig annan búskap og áhugi á skógrækt vex hjá fleirum. Sauðfjár- og kúabændur hyggjast kolefnisjafna bú sín innan fárra ára. Fyrir þá sem vilja kolefnisjafna sig með skógrækt skiptir miklu máli að ráða því sjálfir hvaða land þeir nota. Skógræktaráætlanir eru misjafnar og ráðast af landgerð, landslagi og markmiðum ræktunarinnar. Bændur eiga að hafa fullan sjálfsákvörðunarrétt um það hvað af landi sínu þeir nýta til skógræktar. Auk ræktunar skóga til landbóta hefur frjósamt land mikla þýðingu fyrir framleiðslumeiri tegundir sem skapa á styttri tíma meiri afurðir og binda meira kolefni. Úrvinnsla í landbúnaði er mikilvæg hverju héraði til atvinnu- og verðmætasköpunar. Möguleikar í úrvinnslu skógarafurða eru bjartir. Viðarmagnsspá sem hefur nýlega verið unnið fyrir Vesturland segir til um úrvinnslumöguleika í náinni framtíð. Slík starfsemi getur orðið að veruleika í Dalabyggð og úrvinnsla skógarafurða orðið þar öflug sjálfbær atvinnugrein. Eins hefur ræktun jólatrjáa á ökrum mikla möguleika fyrir alla skógarbændur. Eins og fram kemur í Skipulags- og marklýsingunni er átak í kolefnisbindingu annað helsta áhersluatriði ríkisstjórnar Íslands í aðgerðaráætlun í loftslagsmálum 2018-2030. Skógrækt er ein öflugasta leiðin til kolefnisbindingar. Frjósemi lands skiptir þar miklu og getur kolefnisbinding verið á bilinu 2,7 tCO₂/ha/ár til 23,2 tCO₂/ha/ár (Skógræktarritið, 2018). Það er augljóst að það skiptir bændur máli að geta nýtt frjósamt land sitt með kolefnisbindingu að markmiði kjósi þeir það. Það er hagsmunamál fyrir skógarbændur í Dölum að skógrækt sé skilgreind sem landbúnaðargrein og hafi sama rétt og aðrar búgreinar varðandi nýtingu landbúnaðarlands. Skipulagsreglur eiga ekki að standa í vegi fyrir því að hægt sé að stunda öfluga skógrækt jafnt á við aðrar búgreinar. Stjórn FsV gerir kröfu um að skógrækt hafi sama tilkall til nýtingar landbúnaðarlands og aðrar búgreinar í endurskoðuðu aðalskipulagi Dalabyggðar 2017-2029.	
--	--	--



Helstu viðfangsefni og sérstakar áherslur sveitarstjórnar Hrefna Jóhannesdóttir Skógræktin	Sveitarfélögin eru í sívaxandi mæli farin að flokka landbúnaðarland og í mörgum tilfellum er um að ræða einhverskonar skilgreiningu fjögurra flokka. Þó að Skógræktin leggist alls ekki gegn slíkri landflokkingu þá skiptir afar miklu máli að sveitarfélögin hafi heildræna yfirsýn þegar kemur að notkun landbúnaðarlands. Besta landbúnaðarlandið ber fyrst og fremst að nota til ræktunar og verndun á að snúa að því að óafturkræf uppbygging, s.s. vegir, byggingar etc. fari ekki fram á því landi. Skógrækt getur þannig eft aðra ræktun á besta landbúnaðarlandinu t.d. sem skjólgjafi. Eða skapað tímabundnar tekjur á svæðum þar sem matvælaræktun fer ekki fram í augnablikinu en gæti gert það í framtíðinni. Þannig væri hægt til skamms tíma að rækta tegundir með stutta vaxtarlotu, t.d. jólatré eða fljótsprottnar tegundir eins og aspir. Íslenskir bændur og aðrir landeigendur eru margir áhugasamir um kolefnisjöfnun og er skógrækt tilvalin til þess. Það er mikilvægt að ekki aðeins sé mótuð stefna um loftslagsmál í ASK sveitarfélaga, heldur að tryggt sé framboð á landi til skógræktar í atvinnuskyni þar sem það á við og sem aðgerð í umhverfismálum, s.s. vegna kolefnisjöfnunar, endurheimt skóglendis og til að draga úr áhrifum vonskuveðra og náttúruhamfara. Auk þess sem skógrækt getur haft afar jákvæð áhrif sem skjólgjafi á svæðum ætluðum til útivistar og einnig þar sem stunduð er þjónusta við ferðamenn, t.d. tjaldsvæði.	Tekið til skoðunar við greiningu á forsendum og útfærslu stefnu. Nauðsynlegt er að skoða umfang áformaðrar skógræktar og skoða það svigrúm sem er til stefnumótunar með valkostagreiningu. Tilefni til að hafa sérstakan skipulagshóp um nýtingu landbúnaðarlands.
Leyfisveitingaferli og stjórnsýsla Hrefna Jóhannesdóttir Skógræktin	Brýnt er að sveitarfélögin stuðli að því að leyfisveitingaferli og stjórnsýsla hefti ekki mikilvægar framkvæmdir sem fjallað er um sem markmið í stefnuáætlun sveitarfélaganna. Framkvæmdir sem skipta umhverfislega, efnahagslega og samfélagslega miklu máli fyrir sveitarfélögin og fólkið sem þar býr. Skógrækt er vaxandi búgrein í Dalabyggð og styður vel við aðra landnotkun.	Tekið til skoðunar.
Markmið fyrir skógrækt Hrefna Jóhannesdóttir Skógræktin	Almennt má segja að við endurskoðun aðalskipulagsins skapist dýrmætt tækifæri fyrir sveitarfélagið til þess að setja sér háleit, skýr og mælanleg markmið varðandi skógrækt. Samræmist þetta afar vel þeirri vinnu sem nú er að fara af stað varðandi gerð fyrrnefndra landshlutaáætlana skógrækt.	Tekið til skoðunar við greiningu á forsendum og útfærslu stefnu. Nauðsynlegt er að skoða umfang áformaðrar skógræktar og skoða það svigrúm sem er til stefnumótunar með valkostagreiningu.
Umhverfismat		
Almennar ábendingar vegna skipulags og umhverfismats: Trausti Baldursson Náttúrufræðistofnun Íslands	Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig framkvæmdir/skipulag samræmast almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (Markmið laganna), 2. gr. (Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir) og 3. gr. (Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni). Einnig þarf að skoða einstakargreinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og	Tilgreind markmið eða greinar laga um náttúruvernd verða nýttar sem efni í matsspurningar í umhverfismati aðalskipulagsins.
		Sérstaklega þarf að kortleggja/kanna umfang óbyggðra víðerna í Dalabyggð samkvæmt viðmiðum í núgildandi lögum um náttúruvernd.



	<i>ræktun. Við gerð skipulagsáætlaða er mikilvægt að skoða áhrif allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.</i>	
Umhverfismat <i>Málfriður K Kristiansen</i> <i>Skipulagsstofnun</i>	<i>Fyrirhuguðu umhverfismati er lýst í kafla 6. Að mati stofnunarinnar er nauðsynlegt að sníða umfang umhverfismatsins betur að viðfangsefnum um umfangi aðalskipulagsins. Draga þarf fram þau stefnumið aðalskipulagsins sem eru líkleg til að hafa veruleg áhrif og jafnframt að velja viðmið sem skipta máli miðað við aðstæður á skipulagssvæðinu. Minnt er á að leggja mat á samlegðaráhrif af stefnu aðalskipulagsins eða aðgerðum/framkvæmdum sem stefnt er að. Hvatt er til þess að nota fá en lýsandi viðmið fyrir hvern og einn umhverfisþátt, hvort sem um er að ræða tilgekin verndarmarkmið úr lögum, viðmiðunargildi úr reglugerðum, tiltekið markmið Landsskipulagsstefnu 2015-2026 eða tiltekin undirmarkmið heimsmarkmiða SP.</i>	<i>Tekið til skoðunar við umhverfismat tillögunnar. Vel er gerð grein fyrir áherslum í matinu og viðmiðum í lýsingunni, auk þess sem getið er um valkosti sem skoðaðir verða í matinu. Matsspurningarnar þrengja svo matið og gerir það hlutlægara.</i>
Náttúruvá og öryggi		
Náttúruvá og öryggi <i>Árni Snorrason</i> <i>Veðurstofa Íslands</i>	<i>Lögð skal rík áhersla á hina ýmsu þætti náttúruvá við skipulagsgerðina. Til viðbótar þeim þáttum sem nefndir eru í undirkaflanum Náttúruvá og öryggi skal bæta við aftakaveðri. Þá skal undirstrikað mikilvægi þess að loftslagsmálin verði tekin föstum tókum og þá m.a. fjallað um hvort líklegt sé að umfang eða tíðni einhverra þátta náttúruvá í sveitarfélaginu breytist vegna loftslagsbreytinga. Bent skal á að í undirkaflann Veðurfar mætti bæta við að í Ásgarði er norðnorðaustanátt algengasta vindáttin og jafnframt algengasta hvassviðrisáttin.</i>	<i>Tekið til skoðunar við greiningu á forsendum og útfærslu stefnu.</i>